



Yfirlýsing Félags sjúkráðgjafara, Félagsráðgjafafélags Íslands, Iðjupjálffélags Íslands, Sálfræðingafélags Íslands og Þroskapjálffélags Íslands

Yfirlýsingu þessa vildu framangreind stéttarfélög láta fylgja kjarasamningum sínum við Reykjavíkurborg við undirritun. Því hafnaði Reykjavíkurborg.

Félögin telja óásættanlegt hvernig staðið hefur verið að flutningi fastlaunasamninga yfir í önnur laun, framkvæmd launaaðgerða, kjaralegri stöðu og ýmsu öðru sem varðar notkun Reykjavíkurborgar á nýrri grein kjarasamninga, sem undirritaðir voru 2020, um önnur laun. gr. 1.1.3.

Stéttarfélögin hafa ítrekað bent á að með því að aftengja hækkun annarra launa við hækkun á launatöflu leiði það til kjararárnunar yfir lengri tíma. Önnur laun koma ekki í stað yfirvinnu og taka ekki kjarasamningsbundnum hækkunum líkt og á við um fastlaunasamninga sem greiddir eru á yfirvinnukaupi. Yfir tíma rýrnar verðgildi annarra launa ólíkt launum sem áður voru greidd með yfirvinnu nema til komi sérstakar uppbætur á önnur laun og aðrar ráðstafanir frá borginni um hækkun einstaklingskjara. Félögin hafa gagnrýnt að við innleiðinguna var ekki haft samráð við stéttarfélögin. Félagsfólk hefur ítrekað bent á að verulega skorti á samtal við útfærslu og framkvæmd þessa kerfis við önnur laun. Skýr dæmi eru um að fólki hafi borist tölvupóstur með samningi um önnur laun til rafrænnar undirritunar án nokkurra útskýringa. Félögin efast um að upplýsingaskylda og réttmætur andamælaréttur hafi verið virtur þegar samkomulag um tilfærslu launa var breytt.

Félögin krefjast þess að viðbótarlaunakerfið „Önnur laun“ skv. gr. 1.1.3. verði á samningstímanum tekið til gagnerrar endurskoðunar og að Reykjavíkurborg tryggi á sama tíma að kjararárnun annarra launa eigi sér ekki stað. Félögin áskilja sér allan rétt til að leita atbeina dómstóla og fá úr því skorið hvort flutningur fastlaunasamninga yfir í önnur laun, með þeim hætti sem Reykjavíkurborg framkvæmdi og fjallað er um að framan, hafi verið í samræmi við lög og ákvæði kjarasamninga.

Reykjavík 17. maí 2023

Fyrir hönd Félags sjúkráðgjafara

Guðlaugur Bríen

Fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands

Steindís Anna Jóhannsdóttir

Fyrir hönd Iðjupjálffélags Íslands

Þóra Leo'sdóttir

Fyrir hönd Sálfræðingafélags Íslands

Anna Mónica Fri

Fyrir hönd Þroskapjálffélags Íslands

Anna h'ljá Magnúsdóttir